

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um framfærsluhrepp sveitar-
ómaga.

1873.

18. febrúar.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit yðar, herra amt-
maður, með bræfi 31. oktbr. f. á., um skjal nokkurt, þar sem
hreppstjórinn í Broddaneshrepp í Strandasýslu, Jón Magnússon,
áfryjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði amtsins 28. septbr.
1871¹, sem ákveður, að Bergur Sakariasson með hyski sínu sé

1) Eptir að hreppstjórinn í Kirkjubólshrepp hafði áfryjað til amtsins
úrskurði yðar, herra sýslumaður, dagsettu 6. febrúarm. þ. á.,
er ákveður, að Bergur Sakariasson á Hlíð í Kollafirði sé með konu
sinni og börnum sveitlagur í Kirkjubólshrepp, skoraði amtið á
yður að skýra nákvæmar frá, hvort Bergur þessi Sakariasson
nokkurn tíma hefði leitað eða notið sveitarstyrks fyrir sig og hyski
sitt, og hafði þér í þóknanlegu bræfi, dagsettu 13. júlím. þ. á.
skýrt svo frá, að nefndur Bergur að vísu aldrei hingað til hafi
notið eður leitað fjárstyrks af sveit, en barizt með tilstyrk ættingja
og vina fyrir fjölskyldu sinni, en aptur á móti hafi hann verið í
vandræðum með að útvega hæli fyrir sig og sína, og hafi í því
skyni optar en einusinni leitað hreppstjórans í Broddaneshrepp,
þar sem hann hafði álitid sig eiga framfærslusveit, eins og líka bæði
hann sjálfur og hreppstjórinn í greindum hreppi hafa farið fram
á, að sveitarréttur hans væri ákveðinn.

Jafnvel þó Bergur Sakariasson eptir þessu eigi hafi leitað
sveitarstyrks, verður amtið samt sem áður, þareð hann eigi hefir
komizt af án þess að leita fátækra stjórnarinnar aðstoðar sökum
vandræða, er leiddu af fátækt hans, að vera yður samdóma í því,
að ástæða sé til að ákveða um, hvar hann eigi rétt til sveitarframfærslu.

En þegar um það er að ræða, hvar Bergur Sakariasson eigi
sveitarframfærslu, þá ber þess fyrst að geta, að það má álitast
víst, eins og það er ómótmælt, að hann sé fæddur í Kirkjubólsh-
hrepp, sem þessvegna er fæðingarhreppur hans, og þegar það
því næst kemur til álita, hvort hann hafi í nokkrum öðrum hreppi
áunnið sér rétt til sveitarframfærslu með dvöl sinni um lögákveðinn
tíma, þá getur eptir hinum framkomnu upplýsingum ekki orðið
spursmál um neinn annan hrepp en Broddaneshrepp.

Í því tilliti er það upplýst, að hann, eptir að hann var kom-
inn til lögaldurs án þess að þiggja sveitarstyrk, hefir dvalið í nefnd-
um hreppi 10 ár, nefnilega frá því um vorið 1855, að hann kom

1873. sveitlægur í Broddaneshrepp, gefst yður til vitundar, yður til
13. febrúar. leiðbeiningar og til þess þér birtu það, að úrskurður amtsins í
þessu máli verður að standa óraskaður.

að Einfættingu og til þess sumarið 1865 að hann fór burt frá
Ljufustöðum, og amtið getur ekki betur séð en að þessi 10 ára
dvöl sé að öllu leyti þess eðlis, að hún eigi að helga honum þar
rétt til sveitarframfærslu fyrir sig og sína. Að visu er það upp-
lýst, að kona Bergs og börn hans voruð 1864, meðan hans sjálfur
um tíma var fjærverandi frá heimili sínu, voru flutt til Kirkjubólshrepps
eftir ráðstöfun hreppstjórans í Broddaneshrepp; en eins
og Bergur Sakariasson, undir eins og hann kom heim, útvegaði hæli
handa sér og sínum í Broddaneshrepp, þannig má það og álitast
vist, að þessi burtflutningur konu hans og barna, sem jafnvel
sýnist að hafa verið gjörður nokkuð ófyrirsynju, að minnsta kosti
hafi framfarið án nokkurrar tilhlutunar frá hans hálfu, og þó
þannig kona hans og börn ætti dvöl nokkurn tíma um voruð 1864
í Kirkjubólshrepp, og þó þetta kunni að hafa verið með frjálsum
vilja konunnar, þá er eftir því, sem fram er komið, engin ástæða
til að halda, að Bergur hafi fyrir sig og sína viljað sleppa, eður í
raun og veru fyrir sjálfan sig nokkurn tíma sleppt, heimili í Brodda-
neshrepp á þeim tíma, sem hér er um að ræða, en það er heimili
eður verustaður hans, sem verður að ráða því, hvort hann með
dvöl sinni geti áunnið sér rétt til sveitarframfærslu fyrir sig og
sína, og skal eg í sambandi við þetta geta þess, að það er með
öllu þýðingarlaust, þó Guðmundur Sakariasson og hreppstjórinn í
Kirkjubólshrepp hafi, eins og frá er skýrt, lýst yfir, að Bergur
ekki með veru sinni tíunda árið í Broddaneshrepp skyldi vera þar
sveitlægur, þaræð þeir enga heimild höfðu til að gjöra breytingu
á þeim almennu reglum um að ávinna sér rétt til sveitarfram-
færslu.

Eftir framanskriðuðu úrskurðar amtið því hérmeð, að Bergur
Sakariasson hafi fyrir sig og hyski sitt öðlazi rétt til sveitarfram-
færslu í Broddaneshrepp, og skora eg þenustusámlega á yður,
herra sýslumaður, að kunngjöra hlutaðeigandi hreppstjórum þenna
úrskurð amtsins.